

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi:

Bæjargarður, breyting á deiliskipulagi.

Breytingin nær til sex ljósamastra, hvert mastur er 9,15 m og birtumagn 200 lux.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Arnarnes, nýtt deiliskipulag.

Deiliskipulag Arnarness nær til byggðar í Arnarnesi að Hafnarfjarðarvegi í austri, Arnarneslæk í suðri og Kópavogi í norðri.

Deiliskipulagið er sett fram á einum uppdrætti og í greinargerð, ásamt viðaukum. Þar er kveðið á um öll atriði deiliskipulags í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð, s.s. byggingarreiti, nýtingarhlutfall, byggðan flöt á lóð, hæð húsa, útfærslu opinna svæða, legu stíga o.s.frv. Við gerð deiliskipulagsins hefur verið leitast við að viðhalda þeim ákvæðum sem voru hluti af upphaflegu skipulagi Arnarness frá 1961. Landnotkun á háholtinu breytist frá eldra skipulagi og er nú skilgreint sem opið svæði í tillögunni. Efst í Hegranesi er nú gert ráð fyrir fjórum raðhúsaeiningum, samtals 12 íbúðir.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 22. nóvember 2018.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2018